

Samantekt lýsingar

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 og grein 3 í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/979.

Inngangur og varnarorð

Samantektin skal lesin sem inngangur að lýsingu SÍL 3 hs. (hér eftir „**SÍL 3**“, „**útgefandinn**“ eða „**sjóðurinn**“) sem samanstendur af þessari samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 29. október 2025 (hér eftir „**lýsing**“).

Fjárfestir skal taka ákvörðun um að fjárfesta í skuldabréfum SÍL 3 á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að gera eigin kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í skuldabréfum útgefanda. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. (hér eftir „**Arion banki**“ eða „**bankinn**“) var ráðin af útgefanda til þess að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**First North**“) og fékk Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka greidda þóknun fyrir þá þjónustu frá útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunaárekstra umsjónaraðila við SÍL 3.

Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti sá fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem útbúið hafa samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í viðkomandi skuldabréfum. Útgefandi lýsir því yfir að lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var tekin saman í tengslum við töku skuldabréfa SÍL 3 til viðskipta á First North. Ekki er veitt leyfi til notkunar lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti:	SÍL 3 hs.
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland
Vefsíða:	https://www.stefnir.is/
Símanúmer:	+354 444-7400
LEI númer:	254900IH23MM8VLZNX94
Auðkenni útgáfu:	SIL 35 6
ISIN fyrir SIL 35 6:	IS0000037869
Rekstraraðili:	Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna:	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Lýsing dagsett:	29. október 2025

Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Útgefandi verðbréfanna er SÍL 3 hs., kt. 521224-9830, LEI 254900IH23MM8VLZNX94, Borgartúni 19, 105 Reykjavík og er stofnaður, skráður og starfræktur sem hlutdeildarsjóður samkvæmt IX. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir „**lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða**“) og er sjóðurinn eingöngu markaðssettur fagfjárfestum. Stefnir hf. (hér eftir „**Stefnir**“) er rekstraraðili sjóðsins og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til reksturs á sérhæfðum sjóðum skv. lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og verðbréfasjóðum samkvæmt lögum nr. 116/2021.

Starfsemi útgefanda felst í því að fjárfesta í vaxtaberandi kröfum, verðtryggðum sem óverðtryggðum, í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins. Til að fjármagna sjóðinn gaf útgefandi út skuldabréfaflokkinn SIL 35 6. Samkvæmt reglum sjóðsins sem voru fyrst undirritaðar þann 27. maí 2024 og uppfærðar þann 21. janúar 2025 er meginmarkmið sjóðsins að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru til sjóðsins gegn útgáfu skuldabréfa með því að fjárfesta í vaxtaberandi kröfum, verðtryggðum sem óverðtryggðum. Fjárfestingarheimildir útgefanda takmarkast við ákvæði laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að frátöldum takmörkunum í X. kafla laganna er fjalla um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta, og fjárfestingastefnu sjóðsins sem er að meginstefnu til takmörkuð við lán með veði í fasteignum, lán með veði í skráðum hlutabréfum, sjóðstreymislán og lán með veði í veltu- og/eða fastafjármunum og lán til lóða- og framkvæmdarfjármögnunar. Eigandi allra hlutdeildarskírteina er Stefni.

Stjórn og framkvæmdastjórn er í höndum rekstraraðila útgefanda. Jón Finnbogason er framkvæmdastjóri rekstraraðila. Sjóðsstjóri útgefanda er Fríða Einarsdóttir.

Endurskoðendur útgefanda er Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi og fyrir þeirra hönd Gunnar Þorvarðarson, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann¹

Stofndagur útgefanda var þann 25. febrúar 2025.

Rekstrarreikningur	1.1-30.6 2025
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	1.285
Rekstrargjöld samtals	1.266
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	19
Efnahagsreikningur	30.6 2025
Heildareignir	3.505.870
Heildarskuldir	3.504.851
Hrein eign í lok tímabilsins	1.019
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.)	10
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins	101,90

Engar mikilvægar breytingar á fjárhagslegri afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 30. júní 2025 til dagsetningar lýsingar.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Mótaðila- og útlánaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í fjármálagerningi geti ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Standi mótaðilar útgefanda ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á tekjur og fjárhag útgefanda og þar með getu hans til þess að standa skil á greiðslum skv. skuldabréfunum. Mótaðilaáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra mótaðila, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem viðskiptavinir mótaðila starfa í. Þrátt fyrir að ákvæði í fjárfestingarstefnu útgefanda dragi úr mótaðilaáhættu er sú hættan til staðar að áföll verði hjá mörgum mótaðilum samtímis sem gætu valdið því að mótaðilar standi ekki við skuldbindingar sínar. Slík staða getur haft veruleg neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu sjóðsins og þar með getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar. Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi útgefanda ef mótaðilar í fjármálagerningum geta ekki staðið við skuldbindingar sínar eða að tryggingar nægi ekki til að mæta skuldbindingum þeirra. Þrátt fyrir að í fjárfestingarstefnu sé ákveðið verklag til að takmarka útlánaáhættu er sú hættan til staðar að einstakur mótaðili nái ekki að standa í skilum við útgefanda, sem gæti haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu útgefanda og þar með getu hans til að standa í skilum á skuldbindingum sínum.

Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Þróun efnahagsmála á Íslandi, svo sem hagvöxtur, atvinnustig, verðbólga, kjarasamningar og staða helstu atvinnugreina hefur áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi, auk þess sem þróun efnahagsmála erlendis hefur áhrif á efnahagsástand á Íslandi. Margir þættir geta haft áhrif á almennar efnahagsaðstæður og vegna smæðar íslenska hagkerfisins getur það verið næmara fyrir breytingum. Fjárfestingartímabili sjóðsins er ekki lokið og

¹ Samanburðarupplýsingar eru ekki til þar sem sjóðurinn var stofnaður 2025.

enn er ekki vitað hve mikið af vaxtaberandi eignum hans verði verðtryggðar og óverðtryggðar, en skuldabréf sjóðsins eru óverðtryggð. Því er fyrir séð að verðbólga og vextir geti haft áhrif á eignir og skuldir sjóðsins og virði fjárfestinga hans er því háð almennum efnahagsaðstæðum. Einnig gæti gengisþróun íslensku krónunnar haft áhrif á virði eigna sjóðsins þar sem honum er heimilt að kaupa eða veita lán í annarri mynt en íslenskum krónum. Í þeim tilfellum skal sjóðurinn þó gera viðeigandi skiptasamninga svo greiðsluflæði lána samrýmist grunnmynnt sjóðsins. Áhættur í efnahagsumhverfi útgefanda eru að mestu óbeinar og snúa aðallega að þeim áhrifum sem mótaðilar í fjárfestingum verða fyrir. Þegar almennar efnahagsaðstæður versna bæði innanlands og erlendis getur það haft áhrif á verðmæti eigna og skulda félagsins, getu mótaðila til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og í framhaldinu getu sjóðsins til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart eigendum að skuldabréfunum.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að virði fjármálagerninga sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og öfugt. Mögulegt er að breytingar verði á verðlagningu ákveðins hluta markaðarins. Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum, þ.m.t. skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir. Aðstæður lántaka útgefanda geta breyst eftir markaðsaðstæðum sem getur haft áhrif á lánshæfi hans sem getur haft áhrif á ávöxtunarkröfur lána og þar með endursöluvirði þeirra. Jafnframt er hættu á því að veðhæfi þeirra fjárfestinga sem útgefandinn fjárfestir í versni sem getur haft neikvæð áhrif á eignastöðu hans.

Áhætta tengd ábyrgð á skuldbindingum útgefanda

Eigendur skuldabréfanna geta eingöngu beint kröfum sínum að útgefanda, en ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Greiðsluskyldur sjóðsins skulu einungis inntar af hendi með eignum sjóðsins á hverjum tíma. Eignum og skuldbindingum sjóðsins er haldið aðskildum frá öðrum eignum rekstraraðila og sjóðum vegna þess. Tekið er fram að rekstraraðili ábyrgist ekki greiðslu fjárskuldbindinga sjóðsins og er ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins, hvorki að hluta eða heild. Hlutdeildaskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins og stjórn og starfsmenn rekstraraðila bera ekki ábyrgð á tjóni sem sjóðurinn kann að verða fyrir, nema sýnt sé fram á að tjón sé til komið vegna háttsemi sem rekja má til ásetnings eða stórfellds gáleysis viðkomandi. Hvorki vörsluaðili né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Sú staða getur komið upp að eignir sjóðsins og tekjur af þeim standi ekki undir greiðsluskyldu sjóðsins á hverjum tíma.

Áhætta tengd innköllun áskriftarloforða

Útgefandi fjármagnar fjárfestingar sínar með útgáfu skuldabréfa. Skuldabréfin eru gefin út á grundvelli áskriftarloforða sem sjóðurinn hefur safnað frá fjárfestum. Sjóðurinn hefur heimild til að innkalla áskriftarloforð vegna fjárfestinga, á meðan fjárfestingartímabil stendur yfir, og væri skuldabréfaútgáfa þá stækkuð með útgáfu fleiri skuldabréfa. Mögulegt er að fjárfestar standi ekki við áskriftarloforð en viðskiptalíkan sjóðsins gerir ráð fyrir því að sjóðurinn hafi aðgang að því fjármagni sem eftirstandandi áskriftarloforð nema. Vanefndir fjárfesta sjóðsins og tafir sem af þeim hljótask gætu þannig hamlað getu sjóðsins til að veita eða kaupa ný lán. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á tekjuöflun útgefanda og viðskiptalíkanið í heild. Sé tekin ákvörðun um útgáfu skuldabréfa vegna fjárfestinga sjóðsins og áskrifandi greiðir ekki á gjalddaga fyrir þau skuldabréf sem hann hefur skráð sig fyrir er sjóðnum heimilt að innheimta skuldina, auk dráttarvaxta, með málsókn. Sjóðnum er einnig heimilt að fella áskriftarloforðið einhliða niður og bjóða áskriftarhlutann öðrum til kaups.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhættan er hættan á því að útgefandi geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar á gjalddögum. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Fjárskuldbinding útgefanda er vegna skuldabréfaútgáfu hans og eignum er ætlað að mæta greiðsluflæði af skuldabréfunum. Greiðslugeta sjóðsins og þar með lausafjáráhætta er því háð því að mótaðilar standi við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda. Reglulegar vaxtagreiðslur og afborganir af fjárfestingum útgefanda er ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna þar sem vextir greiðast á þriggja mánaða fresti til lokagjalddaga. Ef greiðslur til útgefanda eru ekki inntar af hendi á réttum tíma eða þær tapast að hluta eða öllu leyti hefur það neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum. Ef engar afborganir eru greiddar

af undirliggjandi lánum fyrir lokagjalddaga skuldabréfa, kemur ekki til greiðslu fjárhæðar af hendi útgefanda fyrir lokagjalddaga skuldabréfa. Ef afborganir eru nýttar að fullu á fjárfestingartímabili sjóðsins, kann að vera að engin greiðsla verði innt af hendi fyrir lokagjalddaga skuldabréfanna. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna telst slíkt þá ekki fela í sér vanefnd á greiðsluskuldbindingu útgefanda.

Vaxtaááhætta

Vaxtaááhætta er fólgin í því að vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með á fjármagnsliði útgefanda. Sú staða getur þó myndast að ávöxtun eigna sjóðsins verði hærri eða lægri en markmið þess segja til um en það fer allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Vaxterandi skuldir útgefanda eru vegna skuldabréfaútgáfu hans, sem er á breytilegum vöxtum sem breytast í samræmi við breytingar á vöxtum vaxterandi eigna útgefanda. Vaxtaááhætta er því takmörkuð.

Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna

Tegund og flokkur verðbréfa	Verðbréfin sem taka skal til viðskipta á First North eru skuldabréf útgefin í íslenskum krónum af SÍL 3 með auðkennið SIL 35 6. Nafnverð hvers skuldabréfs í skuldabréfaflokknum er 1 króna. Við útgáfu þessarar samantektar hafa verið gefin út 3.502.500.000 skuldabréfa, að andvirði 3.502.500.000 kr., en stærð skuldabréfaflokksins getur að hámarki verið 7.005.000.000 kr. að nafnvirði. Skuldabréfin eru nafnbref, rafrænt skráð hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Skuldabréfin eru óverðtryggð með fljótandi vöxtum og eingöngu með einn fastan gjalddaga fyrir afborgun á höfuðstól skuldabréfanna sem er lokagjalddagi skuldabréfanna þann 20. júní 2035. Útgefanda er hins vegar heimilt að greiða afborganir inn á höfuðstól skuldabréfanna með óreglulegum hætti frá útgáfudegi þeirra og fram að lokagjalddaga. Afborganir sem útgefandi kann að greiða inn á höfuðstól skuldabréfanna taka mið af móttöku útgefanda á afborgunum af undirliggjandi lánum í eigu útgefanda að teknu tilliti til kostnaðar og hugsanlegra fjárfestinga á fjárfestingartímabili. Afborganir útgefanda inn á höfuðstól skuldabréfanna kunna því að vera óreglulegar, bæði hvað varðar fjárhæð og dagsetningar. Mun útgefandi tilkynna skuldabréfaeigendum um fyrirhugaða afborgun inn á höfuðstól skuldabréfanna með tveggja daga fyrirvara. Tilkynnt verður um afborganir í fréttakerfi Nasdaq Iceland hf. ISIN númer skuldabréfanna er IS0000037869.
Réttihæð verðbréfanna	Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum eru ávallt jafn réttiháar (e. <i>pari passu</i>) innbyrðis. Óheimilt er að veita einstökum skuldabréfaeigendum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. Þegar kemur að forgangs röðun skuldabréfanna gagnvart öðrum kröfuhöfum sjóðsins vísast til reglna sjóðsins sem kveður á um að greiðslum til sjóðsins sé ráðstafað af sjóðnum í eftirfarandi röð: - Til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. allra umsýslupóknana skv. 6. gr. regla sjóðsins og áfallins annars kostnaðar o.fl. gjalda sem eru til komin vegna rekstrar hans. - Í samræmi við skilmála þeirra skuldaskjala sem sjóðurinn hefur gefið út. Allt fjárflæði eigna sjóðsins mun renna til eigenda þess skuldaskjals að frádregnum a) lið. - Þegar liðir a) og b) hafa verið greiddir skal greiða til eigenda andvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins við slit hans. Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur sjóðnum og þau verða einungis innleyst þegar búið er að gera upp við eigendur skuldaskjala. Rekstraraðila er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins og/eða tekjur að öðru leyti en til trygginga á greiðslum á skuldabréfum. Komi til gjaldþrotaskipta útgefanda þá njóta skuldabréfaeigendur stöðu sem

	almennir kröfuhafar skv. 113.gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
Takmörk á framsali	Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila.
Gjaldfelling vegna vanskila og gjaldfellingarheimildir	Hafi greiðsla, sem útgefandi hefur tilkynnt um, ekki verið greidd á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er um helgi eða á almennum frídegi, þ.e. þegar bankar eru lokaðir, og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga og útgefandi ekki gripið til ráðstafana til þess að efna skuldbindingar sínar, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda og til Nasdaq Iceland hf. Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppbóði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa fellur skuldabréfaútgáfan í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust. Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella útistandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef eitthvert (eða öll) eftirfarandi tilfella eiga sér stað: d) Afborgunargreiðsla hefur ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga. e) Brotið er gegn ákvæði 1. mgr. (e. pari passu) með því að veita tilteknum skuldabréfaeigendum sérstaka tryggingu eða greiðslu umfram aðra skuldabréfaeigendur. f) Útgefandi skráir ekki skuldabréfið á Nasdaq First North Iceland innan 6 mánaða frá útgáfu skuldabréfs. g) Útgefandi gerir breytingar á þeim reglum sínum sem þarfnast samþykkis 66,67% skuldabréfaeigenda, án þess að slíkt samþykki sé fyrir hendi. Gjaldfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokknum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.
Tryggingar:	Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð eða tryggingaréttindi. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Stjórn rekstraraðila SÍL 3 mun óska eftir því að öll útgefin skuldabréf í flokknum SIL 35 6 verði tekin til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

Almenn áhætta skuldabréfa

Eigendur skuldabréfa geta tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfum í heild eða að hluta. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldabréfa, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa þeim á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldabréfum. Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm. Fjárfestum er því bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel starfsemi útgefanda og áhættuþætti tengda útgefanda áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfunum.

Mótaðila- og útlánaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna felst í því að útgefandi standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfunum. Standi mótaðilar útgefanda ekki við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda hefur það áhrif á tekjur útgefanda og þar af leiðandi getu hans til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Endurgreiðsla skuldabréfanna er háð því að mótaðili standi við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda. Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð heldur standa allar eignir útgefanda til tryggingar á greiðslu þeirra og er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðslufæði skuldabréfanna. Þrátt fyrir það getur útgefandi orðið fyrir tapi af hálfu mótaðila. Mótaðilaáhætta fjárfesta getur einnig falist í því að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst er og valdi því að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni skuldabréfa, þ.e. að verð skuldabréfa sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra flokka skuldabréfa sveiflist. Hækki ávöxtunarkrafa markaðarins þá lækkar virði skuldabréfanna og öfugt. Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum þ.m.t skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir. Virði skuldabréfanna endurspeglast af virði þeirra eigna sem útgefandi á og felur það í sér þá sértæka áhættu að ef virði eigna útgefanda rýrnar getur virði skuldabréfanna einnig rýrnað.

Vaxtaáhætta

Útgefandi hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu að fjárfesta í vaxtaberandi kröfum, verðtryggðum sem óverðtryggðum. Skuldabréfaflokkurinn er gefinn út með breytilegum óverðtryggðum vöxtum sem breytast í samræmi við breytingar á vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda. Tveim dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils eru vextir fyrir komandi vaxtatímabil ákvarðaðir. Þeir ákvarðast út frá áætluðum greiddum vöxtum undirliggjandi lána í eigu útgefanda á því tímabili að frádregnum kostnaði útgefanda í samræmi við reglur hans. Breytingar á íslensku vaxtaumhverfi sem leiða til breytingar á vaxtagrunni viðkomandi lána munu hafa áhrif á vaxtakjör lánanna. Lækkun vaxtagrunns getur því leitt til lækkunar vaxtatekna sjóðsins og vaxtagreiðslna skuldabréfanna. Vaxtaáhætta getur því leitt til taps á virði vegna hreyfingu vaxtaferla.

Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Sú áhætta er fyrir hendi að fjárfestar geti ekki selt skuldabréfin á því verði eða í því magni sem þeir vilja. Þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á First North er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Þetta á sérstaklega við ef útgefandinn á í fjárhagslegum erfiðleikum, skuldaskjölin eru mjög næm fyrir vaxtabreytingu, gengi gjaldmiðla eða annarri markaðsáhættu, skuldaskjölin eru hugsuð fyrir sérstök fjárfestingarmarkmið eða hafa þann tilgang að mæta þörfum takmarkaðs hóps fjárfesta. Eftirmarkaður slíkra verðbréfa er almennt takmarkaðri og verðflókt þeirra meira í samanburði við hefðbundin verðbréf sem getur haft verulega neikvæð áhrif á markaðsvirði bréfanna. Ekki er fyrirhugað að halda úti viðskiptavakt með skuldabréfin.

Áhætta við gjaldprot

Skuldabréfaflokkurinn fellur á gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust ef fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur vegna vanskila má jafnframt gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar að undangenginni greiðsluáskorun. Aðfaraheimildin nær til höfuðstóls skuldarinnar og einnig til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum. Í samræmi við skilmála skuldabréfaflokksins er skuldabréfaeigendum einnig heimilt að gjaldfella útistandandi höfuðstól skuldabréfanna, eins og hann er hverju sinni, ef brotið er gegn skilmálum skuldabréfsins sem fela í sér gjaldfellingarheimildir. Skuldabréfaeigendur geta ekki gengið beint að tryggingum lánssamninga útgefanda við mótaðila heldur verður að beina kröfum að útgefanda og ná fram fullnustu gagnvart útgefanda sjálfum en ekki gagnvart mótaðilum.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddaga. Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum og eignum sjóðsins er ætlað að standa undir skuldbindingum sjóðsins. Greiðslugeta sjóðsins og þar með lausafjárahætta er háð því að mótaðilar standi við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda. Ef greiðslur til útgefanda eru ekki inntar af hendi á réttum tíma eða þær tapast að hluta eða öllu leyti mun það hafa neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum. Þá gæti gjalddagi skuldabréfanna mögulega verið styttri en gjalddagi undirliggjandi eigna. Ef engar afborganir eru greiddar af undirliggjandi lánum fyrir lokagjalddaga skuldabréfa, kemur ekki til greiðslu fjárhæðar af hendi útgefanda fyrir lokagjalddaga skuldabréfa. Ef afborganir eru nýttar að fullu á fjárfestingartímabili sjóðsins, kann að vera að engin greiðsla verði innt af hendi fyrir lokagjalddaga skuldabréfanna. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna telst slíkt ekki fela í sér vanefnd á greiðsluskuldbindingu útgefanda.

Uppgreiðsluáhætta

Útgefanda er heimilt að greiða skuldabréfin upp að hluta eða að fullu áður en að lokagjalddaga er komið án sérstaks uppgreiðslugjalds. Í einhverjum tilvikum kunna undirliggjandi lánssamningar jafnframt að innihalda uppgreiðsluheimild, með eða án uppgreiðslugjalds. Þá kann jafnframt að vera lögð skylda á lántaka að fyrirframgreiða lán, s.s. við breytingu á yfirráðum, sölu eigna eða viðtöku tryggingabóta. Í slíkum tilvikum kann raunveruleg ávöxtum sjóðsins að vera óhagstæðari en vænt ávöxtun. Auk þess kunna slíkar uppgreiðslur eða fyrirframgreiðslur lántaka að leiða til uppgreiðslu á skuldabréfunum fyrir lokagjalddaga þeirra.

Lykilupplýsingar um töku til viðskipta

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Sótt verður um töku skuldabréfaflokksins SIL 35 6 til viðskipta á First North í kjölfar þess að lýsingin er staðfest. Útgefin og seld skuldabréf í floknum eru að fjárhæð 3.502.500.000 að nafnverði. Enginn viðbótarkostnaður féll á kaupendur skuldabréfa á útgáfudegi fyrir tilstuðlan útgefanda eða seljanda, fyrir utan afgreiðslugjald sem nam 700 kr. á hvern kaupanda. Nasdaq Iceland mun tilkynna opinberlega ef skuldabréfin verða tekin til viðskipta og hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin á First North verður. Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfin á First North verður tilkynntur af Nasdaq Iceland með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð vegna fyrirhugaðrar töku skuldabréfa með auðkenni SIL 35 6 til viðskipta á First North. Söluandvirði skuldabréfanna var 3.502.500.000 kr. og rann söluandvirðið óskipt til útgefanda og var ráðstafað í fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu útgefanda. Áætlaður heildarkostnaður vegna töku skuldabréfanna til viðskipta er um 9 m.kr. og greiðist af útgefanda.

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Stefnis og Arion banka vegna töku skuldabréfa SÍL 3 til viðskipta á First North. Arion banki er eigandi Stefnis. Hlutfallslegt eignarhald skiptist milli Arion banka 99,93% og Gen hf. 0,07%. Gen hf. er alfarið í eigu Arion banka. Stefnir er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og ber að sinna þeim skyldum í tengslum við umsýslu sjóðsins sem þar er kveðið á um. Fyrir það greiðir útgefandi Stefni þóknun eins og hún er ákveðin í reglum útgefanda sem felst í umsýsluþóknun rekstraraðila og breytilegri þóknun. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og er það starfsmaður Stefnis. Arion banki er vörsluaðili sjóðsins og sér um bókhald og innheimtu fyrir sjóði í rekstri Stefni ásamt því sem samningur um útvistun verkefna er í gildi milli Stefnis og Arion banka. Útgefandi hefur keypt hlutdeild í lánum og greiðsluflæði lána af Arion banka. Í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á First North hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á First North. Fyrir það greiðir útgefandi Arion banka þóknun. Arion banki er viðskiptabanki útgefanda og innstæður sjóðsins eru hjá bankanum.